



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
bt. Björgvins Skafta Bjarnasonar  
Árnesi  
804 Selfoss

Reykjavík, 3. júní 2020  
MÍ201901-0105/7.01/ K.H.S.

### Efni: Viðgerð á hýsi í Stöng, varðveisla minja

Eins og fram kom í erindi sem Minjastofnun Íslands sendi í tölvupósti 6. maí sl. til sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps þá er komin upp sérstök staða vegna varnaraðgerða sem Minjastofnun Íslands er heimil skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 (hér eftir nefnd minjalög ) og lúta að vernd minjastaðarins Stangar í Þjórsárdal. Um er að ræða minjar á Þjóðlendu sem heyrir undir forsætisráðuneytið.

Sá misskilningur virðist hafa komið upp að verið sé að byggja við „safnahús“ og laga það innandyra, sbr. bréf frá skipulags- og byggingafulltrúa hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita dags. 6. maí 2020.

Árið 1957 var reist skýli yfir minjar bæjarins Stangar í Þjórsárdal. Það var gert í þeim tilgangi að vernda minjarnar fyrir skemmdum. Allt frá þeim tíma hefur skýlið verið endurbætt. Þak hefur verið endurbætt og fært út, þiljur lagaðar og bætt við þil utan húss og innan og bætt við rennum og lögnum. Allt hefur þetta verið gert með hliðsjón af þeim sérlögum sem gilt hafa um minjar á Íslandi. Í núgildandi lögum nr. 80/2012, 21.gr. er eftirfarandi heimild:

„ Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt. ”

Í samræmi við þetta ákvæði er Minjastofnun Íslands heimilt að laga varnarskýli sem eru yfir minjum. Um er að ræða viðgerð. Slíkt hefur ítrekað verið gert í Stöng, í Reykholti og í Skálholti. Fyrirhugað er að lengja þak og veggjörllítið í austur og vestur til að koma í veg fyrir að minjarnir í Stöng verði fyrir frekari skemmdum. Sjá má slæmt ástand minjanna eftir veturinn 2020 á meðfylgjandi myndum. Í vetur snjóaði m.a. inn, en algengt er að vatn og gjóska renni inn. Ljóst er að skýlið þjónar ekki að fullu sínum tilgangi eins og það er nú. Stofnunin ætlar að setja smá palla við austur- og vesturhlið til að tryggja aðgengi hreyfihamlaða að minjunum. Þá þarf að hlaða rústarveggi, laga hlóðir og fleira og þarf að grafa meðfram veggjum svo það sé hægt.

Stofnunin fær ekki skilið af hverju deiliskipulagsvinna sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps stendur í vegi fyrir að stofnunin geti sinnt lögbundu hlutverki sínu á hreinu minjasvæði og samkvæmt sérlögum sem ganga í þessu tilfelli frammar skipulagslögum. Um er ræða minjar sem eru langt frá byggðum svæðum Þjórsárdals og hafa verið þar í yfir þúsund ár. Minjar sem Minjastofnun ber að vernda og skila óspilltum til komandi kynslóða, sbr. 1. gr minjalaga.

Minjastofnun hefur tilkynnt forsætisráðueytnu um framkvæmdirnar, eins og stofnuninni ber skv. 21. gr. minjalaga og gerir ráðuneytið enga athugasemd við framkvæmdina.

Minjastofnun Íslands bendir jafnframt á ákvæði 13. gr. 5 mgr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem fjallað er um útgáfu framkvæmdaleyfa þar sem deiliskipulag liggur ekki fyrir. Þar segir :

*„Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og deiliskipulag liggur ekki fyrir getur sveitarstjórn veitt framkvæmdaleyfi að undangenginni grenndarkynningu sé um að ræða framkvæmd sem er í samræmi við aðalskipulag [og í samræmi við] <sup>3)</sup> landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar. Að auki skal sveitarstjórn leita umsagna viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis. [Um grenndarkynningu fer skv. 44. gr. með þeim undantekningum sem þar eru tilgreindar. Heimilt er að falla frá grenndarkynningu ef gerð er grein fyrir framkvæmdinni og fjallað ítarlega um hana í aðalskipulagi.] “*

Þá er vert að minna á ákvæði í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 en þar stendur í 5.9.3.gr.:

*“Skipulagsnefnd skal leggja mat á hverjir geta talist hagsmunaaðilar. Ef um er að ræða svæði við sveitarfélagamörk telst sveitarstjórn þess sveitarfélags til hagsmunaaðila. Skipulagsnefnd er heimilt að falla frá grenndarkynningu ef sýnt er fram á að breyting á deiliskipulagi eða leyfisskyld framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjandans sjálfs.”*

Hér er um að ræða minjastað á þjóðlendu og langt frá mannabyggð þannig að ljóst er að grenndarkynning á ekki við í þessu tilfalli. Jafnframt eru hagsmunaaðilarnir helstir Minjastofnun Íslands, forsætisráðuneytið og Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Þetta er því mál sem auðvelt ætti að vera að leysa að hálfu sveitarfélagsins.

Minjastofnun Íslands hefur fjármagn til að ljúka vinnunni og er mikilvægt út frá minjaverndar- og náttúruverndarsjónarmiðum að stofnuninni sé gert kleift að ljúka við þennan áfanga uppbyggingar við Stöng nú í ár.

Stofnunin ítrekar heimildir sínar samkvæmt minjalögum en óskar jafnframt eftir að sveitarfélagið sýni verkefninu sóma með því að leysa óþarfa hnút sem er til kominn vegna misskilnings.

Virðingarfyllst,

  
Kristín Huld Sigurðardóttir  
Forstöðumaður

Afrit sent: Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita, Dalbraut 12, 840  
Laugarvatn  
Forsætisráðuneytið, Sigurður Örn Guðleifsson lögfræðingur



*Myndir teknar í Stöng í maí 2020:*



Sjá má snjó efst í hægra horni. Þar hefur snjór komist inn í bakhýsi og lagst yfir allt gólfíð



Skálinn í Stöng: Hér má sjá veggi sem eru að síga, þiljur sem á að fjarlægja og steina sem ýmist eru að sökkva ofan í blautt gólfíð eða að gangast til. Langeldurinn er illa sýnilegur í gólfinu.




Figure 1. The map of the study area in the north of the city of Tehran.




Figure 2. The map of the study area in the south of the city of Tehran.